


AFSTÖÐUMYND 1:500

**BYGGINGARLÝSING** (staðgreinir: 50650070, landnr. 197738)
**Íbúðir og innra skipulag**
Fjölbýlishúsið er á 6 hæðum, auk kjallara, og í því 23 íbúðir alls. Allar íbúðirnar hafa sameiginlegar inngang norðan megin við húsið. Aðgengi að íbúðunum er annar vegar með lyftu og hins vegar um stigahús.
Íbúð nr. 01-02 á fyrstu hæð hentar fyrir hreyfihamlaða.

**Lóð** er sameign hússins en íbúðir á 1. hæð hafa einkaafnotarétt af svæði utan viðkomandi íbúða. Lóð er hönnuð af Forma ehf.

**Byggingarefni og einangrun**. Botnplata er staðsteypt. Kólnunartala plötu er 0,3W/m2°C eða betri og gólfplata að útilofti 0,2W/m² Einangrun undir plötu er 50 mm og 75 mm einangrun á sökklum. Staðsteyptir útveggir eru einangraðir að innanverðu og múrhúðaðir. Kólnunartala útveggja er 0,4 W/m²C (gluggar og hurðir 2,0 W/m²C eða betri).
Meðalkólnunartala útveggja, glugga og hurða er 0,76 W/m2°C. Gluggar eru úr tré en álklæddir að utanverðu.

**Litir:** Að utan er húsið steinað að hluta í ljósum lit og að hluta sléttpússað og málað í dekkri lit. Almennt gildir að stærri veggfletir eru steinaðir en undantekning er meginhluti útveggja íbúða xx-02/hjóla og vagnageymslu sem er sléttpússaður og málaður í dekkri lit. Einnig er er sléttpússað og málað í dekkri lit milli glugga þar sem lóðréttar línur eru dregnar milli þeirra á útlitsmyndum. Gluggar og hurðir eru með hvítum lit. Svalir eru staðsteyptar, sléttpússaðar og málaðar. Handrið á svölum eru að hluta sléttpússuð og máluð og að hluta til með járnrimlahandriðum (galvanhúðuð).

**Þakið** er flatt, einangrað á steypta plötu. Vatnshalli er steyptur í plötu. Undir einangrun er heilbræddur tjörupappi. Ofan á einangrun er er sjávarmöl. Kólnunartala þaks er 0,20 W/m² eða betri. Þak bílgeymslu er staðsteypt og á það límdur asfaltpappi sem jarðvegur og sandur/hellur annars vegar og hins vegar malbik er lagt ofan á.

**Innveggir** eru léttir, byggðir úr blikkstoðum og klæddir hvorum megin með tveimur lögum af 13 mm gipsplötum sem eru sléttspartlaðar og málaðar.

**Lagnir og loftræsting.** Loftræsing er frá öllum lokuðum, gluggalausum rýmum (vélrænt útsog). Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, staðsett á teikningum í mkv. 1:50. Lóðréttar lagnaleiðir eru almennt í stokkum á bak við salerni. Ofnakerfi er á veggjum hússins.
Snjóbræðsla er í rampa að bílageymslu.

**Brunavarnir**. Veggir milli íbúða eru EI90 (staðsteyptir) og hurðir að stigahúsi eru ECS30. Klæðningar innanhúss eru amk. í flokki 2. Reyklosunarlúga, 60x60 cm, er staðsett á toppi lyftustokks og opnast hún við boð frá reykskynjara í lyftustokk. Reykræsilúga (1m2) er á toppi stigahúss og opnast með handstýringu frá anddyri á 1. hæð. Fjarlægð milli óvarinna glugga tveggja íbúða er amk. 1,2 m lóðrétt og 2 m lárétt. Þar sem fjarlægð er minni er E30 eldvarnagler í öðrum glugganum (fast gler).

Reykræsiop er um glugga við loft (0,5% af gólffleti) í geymslusvæði í kjallara. Reykræsing frá bílgeymslu er um keyrsludyr og neyðarútgangsdyr sem ná að lofti.
Björgunarsvæði slökkviliðs er annars vegar frá bílastæði austan húss en undir hluta þess er bílageymsla með steyptri plötu yfir, byggðri fyrir tímabundna aðkomu 22 tonna bíls (körfubíll slökkviliðs). Að austan er aðkoma að björgunarsvæði beint frá Kirkjuvöllum inn á lóð hússins. Svæðið utan lóðar og innan (þe. hluti leiksvæðis, skástrikað á teikningu) er undirbyggt fyrir 22 tonna bíl. Aðkoma að þessu svæði er aðeins í neyð og er þá gert ráð fyrir að girðing við leiksvæðið verði fjarlægð af slökkviliði.

**Bílastæði.**
Heildafjöldi bílastæða er 41 og skiptist þannig skv. ákvæðum deiliskipulags.
5 íbúðir undir 80m²x1 bílastæði=5 bílastæði
18 íbúðir yfir 80m²x2 bílastæði=36 bílastæði

20 bílastæði eru í bílakjallara og 21 stæði á lóð.

**Sorp**
Soprgeymsla er staðsett við akstursrampa að bílakjallara. Gert er ráð fyrir amk. 5 sorpgámum (73x110).

Engar kvaðir eru á lóð.

Brúttóflötur: 3.265,2 m²
Brúttórúmmál: 9403,9 m³
Nýtingarhlutfall: **1,15** (2689,3 / 2331,1 flötur bílageymslu ekki reiknaður með)

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.
18 MAI 2005
Bent skal á að samþykkt þessi verður ekki virk, fyrr en eftir þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingarinnar og skráningu hennar hjá Fasteignamati ríkisins.
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| BREYTINGAR | | | |

ASK Arkitektar
Geirsgötu 9
101 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.ask.is

ASK ARKITEKTAR

Áritun aðalhönnuðar:
Helgi Már Halldórsson arkitekt FAÍ, kt. 301258-7049

KIRKJUVELLIR 7
HAFNARFIRÐI
VERKEFNI

HEITI TEIKNINGAR
AÐALTEIKNING
AFSTÖÐUMYND

| MKV. Í A1 | TEIKNAÐ | DAGS |
|---|---|---|
| 1:500 | HÞ/HMH | 13.05.2005 |

| VERK NR. | NÚMER TEIKNINGAR | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 0470 | 10-01 | |